

Nr. 21-122 S 079 Sæli BA 333***Vélavana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2736
Smíðaður: Hafnarfirði 2007, plast
Útgerð: Stegla ehf
Stærð: 14,9 bt.
Mesta lengd: 13,01 m Skráð lengd: 11,35 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,43 m
Vél: Volvo Penta 368 kW, 2003
Fjöldi skipverja: 4



Sæli©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. desember 2021 var línubáturinn Sæli BA 333 á veiðum 30 sm NV af Patreksfirði. Veður: ASA 1 m/s.

Á veiðum varð báturinn vélavana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Vörður fór á staðinn og dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að tengið milli vélar og gírs rifnaði;
- að tengið var gúmmítengi af Vulkan gerð;
- að skipt hafði verið um vél í bátnum árið áður og sett niður uppgerð vél. Ekki var vitað hvað tengið var gamalt;
- að fram kom að skrúfubúnaðurinn hafði ekki orðið fyrir neinum óeðlilegum átökum fyrir atvikið.



Myndin sýnir tengið milli vélar og gírs.

Nefndarúlit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.